

Ed.

5. Frumvarp til laga

[5. mál]

um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 90/1954, um tollskrá o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 77. löggjafarþingi, 1957.)

1. gr.

Á árinu 1958 skal innheimta:

- A. Vörumagnstoll samkvæmt lögum nr. 90/1954, um tollskrá o. fl., með þessum hækkunum:
- Af benzíni, öðru en flugvélabenzíni, samkvæmt 27. kafla tollskrárinnar, 15. lið, með 20 aurum af kg í stað 1 eyris.
 - Af öllum öðrum vörum með 340% álagi, þó ekki af flugvélabenzíni og vörum þeim, sem taldar eru í 2. gr.
- B. Verðtoll samkvæmt sömu lögum með 80% álagi, þó ekki af vörum þeim, sem taldar eru í 2. gr.

Á árinu 1958 skal innheimta og greiða í sérstakan sjóð 1% af vörumagnstolli og verðtolli samkvæmt tollskrá og hækkunum samkvæmt þessari grein, svo og af öðrum aðflutningsgjöldum, þó ekki af söluskatti af innfluttum vörum. Fé þessu skal varið til byggingar tollstöðva í landinu. Álagið skal innheimt með öðrum aðflutningsgjöldum og nýtur sömu lögverndar og þau. Jafnframt er framkvæmd 5. gr. laga nr. 68/1956, um tollheimtu og toleftirlit, frestað til ársloka 1958.

2. gr.

Undanþegnar tollhækkun þeirri, er getur í b-lið A- og B-lið 1. gr., eru þessar vörur:

Tollskrárkaflí	9 nr. 1—2,	kaffi, óbrennt, eða brennt og malað.
—	10 — 1—7,	korn, ómalað.
—	11 — 1—12,	mjöl og grjón.
—	17 — 1—6,	sykur.
—	22 — 6—38,	drykkjarvörur og ýmislegir vökvar.
—	24 — 1—9,	tóbak.
—	25 — 10,	salt.
—	27 — 1—4,	kol.
—	— — 14,	steinolia.

Enn fremur eru vörur, sem sérstakur tollur er greiddur af vegna milliríkjasamninga, undanskildar tollhækkun samkvæmt 1. gr.

3. gr.

Á árinu 1958 skal heimilt að fella niður aðflutningsgjöld af:

- Belgávöxtum, sem teljast til nr. 5—6 í 7. kafla tollskrár.
- Ómöluðu korni, sem telst til nr. 1—7 í 10. kafla tollskrár.
- Kornmjöli og grjónum, sem telst til nr. 1—12 í 11. kafla tollskrár.
- Kaffi, óbrenndu eða brenndu og möluðu, sem telst til nr. 1—2 í 9. kafla tollskrár.
- Sykri, sem telst til nr. 1—6 í 17. kafla tollskrár.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1958.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta felur í sér framlengingu ákvæða, sem eru í lögum nr. 98/1956.